

## Fundargerð

<b>Fundarefni:</b>	Stjórnarfundur stjórnar foreldrafélags Álfhólsskóla
<b>Dags.:</b>	24.10.2012
<b>Fundarmenn:</b>	Anna María, Erna, Brynhildur, Hörður, Berglind, Sigurður
<b>Fjarverandi:</b>	Selma
<b>Ritað af:</b>	Erna Arnarsdóttir

### 1. Fundur settur

Formaður setur fund kl. 20.07

### 2. Afgreiðsla styrkbeiðna og mótun starfsreglna í tengslum við styrkbeiðnir

Nokkrar beiðnir hafa borist stjórn um að veita ákveðna styrki. Síðastliðinn vetur ákvað stjórn að styrkja tiltekna viðburði, ss Reykjaferð 7. bekkjar ofl. sbr. fundargerð stjórnar frá janúar 2012. Eftir töluverðar umræður ákvað stjórn að útbúa starfsreglur í tengslum við slíkar styrkbeiðnir þannig að liggja ljóst fyrir hvaða reglur gildi um úthlutun slíkra styrkja. Var Ernu falið að útbúa sérstakt eyðublað vegna styrkumsókna sem sett verður á heimasíðu skólans.

Eftirtaldar beiðnir hafa borist um styrki: **Reykjaferð 7. Bekkjar:** Ákveðið var að veita 100.000 kr í styrk til Reykjaferðar.

**SAFT styrktarbeiðni til 9. Bekkjar:** Samþykkt af stjórn Að veita kr. 20.000 í styrk vegna SAFT fyrirlesturs.

**Útskriftar árgangur 10. Bekkur:** Stúlkur úr 10. Bekk sendu póst um styrk Til utanfarar. Málið sent til skólastjóra þar sem fundarmenn telja að þar eigi það heima. Beiðnin áframsend skólastjórnendum en ekki liggur fyrir hvort slík utanför sé á vegum skólans eða ekki.

**Skákfélagið:** Fékk styrk í fyrra sem enn hefur ekki verið greiddur til þeirra. Brynhildi falið að skoða málið.

### 3. Stutt endurmat á síðasta fulltrúaráðsfundi

Góð mæting og góður fundur. Almenn ánægja stjórnar með viðburðinn.

### 4. Undirbúningur fyrir fræðslufundi foreldra barna í 5. og 8. bekkjar (í samvinnu við skólann).

Skólinn hefur óskað eftir samvinnu við stjórn vegna slíks undirbúnings. Stjórn samþykkir það, Anna verður í sambandi við skólastjóra varðandi framhaldið.

### 5. Námskeiðshald á vegum stjórnar (einelti, net- og tölvuleikjanotkun yngsta stigsins, fl.?).

Ákveðið að standa fyrir fyrirlestri í janúar n.k. um einelti fyrir foreldra allra barna Álfhólsskóla. Til eru samtök þeirra sem hafa lent í þeirri hræðilegu lífsreynslu að vera lagðir í einelti. Áhrifaríkt að fá inn aðila sem eru tilbúnir að miðla þeirri reynslu.

Sigurði falið að hafa samband við Heimili og skóla til að fá nánari upplýsingar þar að lútandi.

Ennfremur fyrirhugar stjórn að fá fyrirlestur frá SAFT þar sem fjallað verður um tölvu- og tölvuleikjanotkun barna, yrði þessi fyrirlestur opinn öllum foreldrum barna í skólanum.

## 6. Nefndir á vegum stjórnar

Það vantar þó nokkra til að manna allar nefndir. Ákveðið að stjórn skipti með sér umsjón með nefndum er heyra undir stjórnina og ýti við þeim nefndum sem þurfa að hefja störf. Senda þarf póst á alla foreldra skólans til að reyna að manna þessar nefndir

Ernu falið að senda póst á alla foreldra til að fá þá til að skrá sig í nefndir. Láta lista fylgja með í viðhengi. Listi á heimasíðu undir nefndir.

Koma þarf vinnu vegna Desemberfjörðs í gang. Brynhildur er með nánari upplýsingar þar að lútandi.

7. **Útgáfa næsta fréttabréfs foreldrafélagsins.** Fréttaréfsfulltrúi biður um upplýsingar og efni í næsta fréttabréf. Hörður tekur saman efni frá fulltrúaráðsfundi og sendir á Guðna. Einnig gott að kynna nefndir. Anna María sendir pistil stjórnar.

## 8. Önnur mál

Mikill vilji fyrir opnun sameiginlegum fundi með skólaráði, nemendaráði og stjórn foreldrafélags. Hugmynd kom frá skólastjóra að halda slíkan fund í janúar. Anna lætur skólastjóra vita að stjórn fallist á þann fundartíma.

Fundur með skólastjóra. Hefð er fyrir því að funda með skólastjóra til að tengjast og deila upplýsingum. Anna heyrir í skólastjóra hvenær henni hentar að funda með stjórn eftir áramót.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 16. nóvember.

Fundi slitið kl. 22.00

Nr.	Heiti	Lýsing	Ábyrgð	Stofn að	Lok
1.	Eyðublað	Eyðublað – styrktarumsóknir	Erna		

2.	Fyrirlestur einelti	Kanna hjá Heimili og skóla hvort að þeir geti bent á góða fyrirlesara	Sigurður		
3.	Tölvupóstur nefndir	Sendu út tölvupóst á alla foreldra og forráðamenn í Álfhólsskóla og óska eftir aðstoð í nefndir.	Erna		
4.	Styrkur Skákfélag	Kanna með greiðslu á styrk til þeirra	Anna/Bryn hildur		
5.					